


# GRUNDARTANGI

## HVALFJARÐARSVEIT



Deiliskipulag athafnasvæðis,  
athafnasvæðis/hafnarsvæðis og iðnaðarsvæðis á  
Grundartanga, vestursvæði.

Breyting nóvember 2010.

(Deiliskipulag iðnaðar- og hafnarsvæðis, vestursvæði, breyting nóvember 2008).

## GREINARGERÐ

### SKIPULAGS- OG BYGGINGARSKILMÁLAR UMHVERFISMAT ÁÆTLANA

DAGS. 2008-11-27

BREYTING: 2009-03-06, 2010-10-27, 2010-12-10

Útgefandi:  
Faxaflóahafnir

*Birt 25.10.2011*



Faxaflóahafnir sf  
Associated  
Icelandic  
Ports

**TEIKNISTOFA  
ARKITEKTA**

GYLFI GUDJÓNSSON  
OG FÉLAGAR ehf  
arkitektar fal

## Efnisyfirlit:

<b>1</b>	<b>YFIRLIT</b> .....	<b>3</b>
<b>1.1</b>	<b>Aðdragandi, forsaga</b> .....	<b>3</b>
	Deiliskipulag iðnaðar-og hafnarsvæðis, vestursvæði .	3
	Breyting nóvember 2008.....	3
	Aðalskipulag Hvalfjarðarsveitar 2008-2020 .....	3
	Aðalskipulagsbreyting nóvember 2010.....	4
<b>2</b>	<b>DEILISKIPULAGSBREYTING, NÓVEMBER 2010</b> .....	<b>5</b>
<b>2.1</b>	<b>Inngangur</b> .....	<b>5</b>
	Megininntak breytingarinnar: .....	5
	Fjöldi lóða og lóðastærðir .....	5
	Ný skilmálaákvæði fyrir iðnaðarsvæðið .....	5
	Annað .....	6
<b>2.2</b>	<b>Skipulagssvæðið</b> .....	<b>7</b>
	Almennt.....	7
	Markmið, inntak .....	7
	Afmörkun og aðkoma.....	7
	Umferð .....	8
	Landslag og jarðvegisdýpi .....	8
	Skógrækt, skjólbelti.....	8
	Landfylling.....	8
	Fornleifar.....	9
	Náttúruvá .....	10
<b>2.3</b>	<b>Landnotkun/ starfsemislýsing</b> .....	<b>11</b>
	Hafnarsvæði .....	11
	Athafnasvæði.....	11
	Iðnaðarsvæði .....	11
	Starfsemislýsing.....	11
<b>3</b>	<b>SKIPULAGS- OG BYGGINGARSKILMÁLAR</b> .....	<b>14</b>
<b>3.1</b>	<b>Almennir skilmálar</b> .....	<b>14</b>
	Almennt.....	14
	Nýtingarhlutfall .....	14
	Bílastæði.....	14
	Kvaðir um sameiginlega aðkomu að lóð .....	14
	Kvaðir um tengivirki fyrir lágspennubúnað og spennistöðvar .....	14
	Girðingar .....	14
	Frágangur lóða .....	15
	Sorpgeymslur.....	15
<b>3.2</b>	<b>Sérákvæði</b> .....	<b>15</b>
	Almennt.....	15
	Ný skilmálaákvæði um uppbyggingu á iðnaðarsvæðinu.....	15
<b>3.3</b>	<b>Hönnun mannvirkja</b> .....	<b>15</b>
	Aðalteikningar .....	15
	Vinnu- og sérteikningar .....	16
	Mæli- og hæðarblöð.....	16
<b>4</b>	<b>UMHVERFISMAT SKIPULAGSÁÆTLUNAR</b> .....	<b>17</b>
<b>4.1</b>	<b>Umhverfisskýrsla</b> .....	<b>17</b>
	Inngangur.....	17

MEGININNTAK DEILISKIPULAGSBREYTINGAR Í NÓVEMBER 2010.....	17
Niðurstaða .....	18
efni og helstu stefnumið áætlunar, tengsl við aðra áætlanagerð .....	19
Umhverfisaðstæður .....	21
Umhverfisþættir .....	22
umhverfisvandamál, sérstakt náttúruverndargildi .....	23
náttúruverndarmarkmið stjórnvalda, önnur umhverfissjónarmið .....	23
Áhrifamat, skipulagskostir.....	23
Valkostir, matsaðferð .....	24
Vöktun og mótvægisaðgerðir .....	24
Samantekt.....	24
<b>5 KYNNING, SAMÞYKKT OG GILDISTAKA.....</b>	<b>26</b>
<b>5.1 Athugasemdir, umsagnir.....</b>	<b>26</b>
<b>5.2 Afgreiðsla, breytingar á skipulagsgögnum .....</b>	<b>26</b>
<b>5.3 Samþykkt og gildistaka .....</b>	<b>26</b>
<b>5.4 Uppdrættir .....</b>	<b>27</b>
Deiliskipulagsuppdráttur 001 .....	27
Skýringaruppdráttur 004 .....	28
Skýringaruppdráttur 005 .....	29



# 1 YFIRLIT

## 1.1 Aðdragandi, forsaga

Skipulagssvæðið er á Grundartanga í Hvalfjarðarsveit á svonefndu vestursvæði austan (neðan) Grundartangavegar.

Árið 2006 sameinaðist Skilmannahreppur öðrum sveitarfélögum í Hvalfirði í eitt sveitarfélag, Hvalfjarðarsveit.

Í júlí 2010 tók gildi aðalskipulag hins sameinaða sveitarfélags, aðalskipulag Hvalfjarðarsveitar 2008-2020 en fram til þess tíma var í gildi samþykkt aðalskipulag Skilmannahrepps 2002-2014 sem gerði ráð fyrir iðnaðarsvæði og blandaðri landnotkun iðnaðarsvæði/hafnarsvæði á skipulagssvæðinu.

Í lok árs 2007 var samþykkt deiliskipulag af 27,2 ha svæði suðvestan Íslenska járnblendifélagsins á grundvelli þágildandi aðalskipulags Skilmannahrepps 2002-2014, „Deiliskipulag iðnaðar- og hafnarsvæðis á Grundartanga, vestursvæði“. Þar voru m. a. skilgreindar 13 misstórar lóðir fyrir hafnsækna iðnaðarstarfsemi.

Lóðæftirspurn á Grundartanga fyrir hafnsækna starfsemi og þjónustustarfsemi af ýmsum toga hefur verið mikil og því ákvað stjórn Faxaflóahafna að taka til skoðunar stærra svæði eða allt Klafastaðaland frá strönd að Þjóðvegi nr 1.

Þess vegna var deiliskipulaginu breytt í nóvember 2008. Annars vegar var um að ræða breytingu á gildandi deiliskipulagi og hins vegar stækkun skipulagssvæðisins og nýja byggð allt frá Tangavegi að Sjónarholtsvegi í suð-vestri og frá Grundartangavegi í norð-vestri að strönd.

Breyting á deiliskipulagi iðnaðar- og hafnarsvæðis á Grundartanga, vestursvæði var unnin samkvæmt 25.gr. og 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

## **DEILISKIPULAG IÐNAÐAR-OG HAFNARSVÆÐIS, VESTURSVÆÐI . BREYTING NÓVEMBER 2008**

*Megininntak breytingarinnar:*

- Skipulagssvæðið stækkar úr 27,2 ha í 84,8 ha.
- Lóðum fyrir athafna- og hafnsækna starfsemi fjölga verulega.
- Skilgreind er um 10 ha landfylling.
- Gerð eru eftirfarandi breytingar á gildandi deiliskipulagi:
  - Lóðirnar Klafastaðavegur 5 og 7 eru felldar út.
  - Nýtingarhlutfall lóðarinnar Klafastaðavegur 2 breytist úr 0,6 í 0,5. Byggingarreitur lóðarinnar minnkar, fjarlægð reits frá vesturlóðarmörkum verður 10 metra í stað 5 metra.
  - Hámarkshæð bygginga við Tangaveg (áður Grundartangavegur) 1, 3, 5, 7 og 9 var breytt úr 12 metrum í 14 metra. Hámarkshæð bygginga við Klafastaðaveg 2, 4 og 6 var breytt úr 12 metrum í 14 metra.

## **AÐALSKIPULAG HVALFJARÐARSVEITAR 2008-2020**


Í júlí 2010 tók gildi aðalskipulag Hvalfjarðarsveitar 2008-2020. Meginbreytingin gagnvart byggðinni á Grundartanga varðar vestursvæðið en þar gerir áætlunin ráð fyrir athafnasvæði og blandaðri landnotkun, athafnasvæði/hafnarsvæði í stað iðnaðarsvæðis og blandaðrar landnotkunar iðnaðarsvæði/hafnarsvæði.

Nýtt aðalskipulag Hvalfjarðarsveitar gaf því tilefni til að breyta deiliskipulagsáætlun vestursvæðisins á Grundartanga.

### **AÐALSKIPULAGSBREYTING NÓVEMBER 2010**

Tilefni breytingarinnar eru m. a. fyrirliggjandi umsóknir um lóðir fyrir hafnsækna iðnaðarstarfsemi í góðum tengslum við stóriðjuna á Grundartanga. Skipulagsstofnun lítur svo á að umrædd starfsemi eigi heima á iðnaðarsvæðum. Samkvæmt aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar 2008-2020 er engum slíkum svæðum er til að dreifa á Grundartanga. Sveitarstjórn hefur því ákveðið að breyta aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar á Grundartangasvæðinu og skilgreina tæpa 7 ha austast á athafnasvæðinu vestan Tangavegar á milli Klafastaðavegar og Mýrarholtsvegar sem iðnaðarsvæði.

Aðalskipulagsbreytingin var samþykkt í sveitarstjórn 14. 06. 2011.



Skýringarmynd 1.

Hluti úr aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar 2008-2020. Breyting nóvember 2010



## 2 DEILISKIPULAGSBREYTING, NÓVEMBER 2010

### 2.1 Inngangur

#### MEGININTAK BREYTINGARINNAR:

- Landnotkun á skipulagssvæðinu suð-vestan Tangavegar á milli Grundartangavegar og sjávar allt að Sjónarholtsvegi er skilgreint sem athafnasvæði og blönduð landnotkun, athafna- og hafnarsvæði.
- Landnotkun á tæpum 7 ha austast á umræddu skipulagssvæði vestan Tangavegar á milli Klafastaðavegar og Mýrarholtsvegur er þó áfram skilgreint sem iðnaðarsvæði. Á því svæði eru lóðirnar Mýrarholtsvegur nr. 1-3 og 5, Tangavegur nr. 1, 3, 5 og 7 svo og Klafastaðavegur nr. 2, 4 og 6.
- Lóðin Klafastaðavegur nr. 4 (3.469 m<sup>2</sup>) stækkar og verður 4.603 m<sup>2</sup>. Hámarkshæð bygginga verður 15,5 m í stað 14.0 m. Byggingarreitur breytist.
- Lóðirnar Tangavegur nr. 7 (6.400 m<sup>2</sup>) og nr. 9 (4040 m<sup>2</sup>) sameinast í Tangaveg nr. 7 og verður 10.440 m<sup>2</sup>. Byggingarreitur breytist.
- Lóðin Mýrarholtsvegur nr. 5 (7.204 m<sup>2</sup>) minnkar og verður 4.395 m<sup>2</sup>. Lóðirnar Mýrarholtsvegur nr. 1 og nr. 3 sameinast í nr. 1-3 og verður 11.224 m<sup>2</sup>. Byggingarreitur breytast.
- Nánari landnotkunarákvæði samkvæmt skilgreiningum Faxaflóahafna (A, B, H og Þ) breytast þannig að iðnaðarlóðirnar austast á skipulagssvæðinu, næst Tangavegi sem í gildandi deiliskipulagi eru merktar sem þjónustusvæði (Þ) verða merktar sem hafnsækin starfsemi (H).

#### FJÖLDI LÓÐA OG LÓÐASTÆRÐIR

##### Fyrir breytingu

Á skipulagssvæðinu var gert ráð fyrir 49 lóðum sem skiptast eftirfarandi:

- 26 lóðir fyrir hafnsækna starfsemi.  
Lóðastærðir á bilinu 4.500 m<sup>2</sup> til 22.081 m<sup>2</sup>.
- 23 lóðir fyrir þjónustustarfsemi.

Lóðastærðir eru á bilinu 2.552 m<sup>2</sup> til 31.540 m<sup>2</sup>.

##### Eftir breytingu

Á skipulagssvæðinu er gert ráð fyrir 46 lóðum sem allar eru ætlaðar fyrir hafnsækna starfsemi. Lóðastærðir eru á bilinu 1.978 m<sup>2</sup> til 31.540 m<sup>2</sup>.

9 lóðir eru ætlaðar fyrir iðnaðarstarfsemi, þ. á. m. lítt mengandi iðnaðarstarfsemi svo sem ýmis konar endur- og úrvinnsla úr verksmiðjum á nærliggjandi iðnaðarsvæði.

#### NÝ SKILMÁLAÁKVÆÐI FYRIR IÐNAÐARSVÆÐIÐ

Um uppbyggingu á iðnaðarlóðunum gilda strangir skilmálar sem m. a. varða eðli þeirrar starfsemi sem þar á heima, kröfur um mengunarvarnarbúnað, umhverfisstefnu Faxaflóahafna og meðferð lóðaumsókna. Nánar er gerð grein fyrir ákvæðunum í kafla 3. 2.

## **ANNÆÐ**

Deiliskipulag athafnasvæðis, athafna- og hafnarsvæði og iðnaðarsvæði á Grundartanga, vestursvæði, breyting október 2010 er unnin samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Faxaflóahafnir sf eiga og reka Grundartangahöfn.

Skipulagsráðgjafar:

### **TEIKNISTOFA**

#### **ARKITEKTA**

Gylfi Guðjónsson  
og félagar ehf.

Skipulagsgögn:

Greinargerð, Skipulags- og byggingarskilmálar ásamt umhverfisskýslu.	dags. 2008-11-27, breyttt: 2009-03-06, 2010-10-27, <b>2010-12-10</b>
Deiliskipulagsuppdráttur nr 001.	dags. 2010-10-27.
Skýringaruppdráttur nr 004.	dags. 2010-10-27.
Skýringaruppdráttur, sneiðingar nr 005,	dags. 2008-11-27, breyttt: 2009-03-06

Varðandi viðauka í greinargerð þessari vísast til greinargerðar með deiliskipulagsbreytingu „Grundartangi, Hvalfjarðarsveit. Deiliskipulag iðnaðar- og hafnarsvæðis, vestursvæði. Breyting nóvember 2008“.

Þar er gerð nánari grein fyrir kennisneiðingum í stofnveg, tengiveg og götu, jarðvegsdýpi, prufuholum, fornleifum og skógrækt.



## 2.2 Skipulagssvæðið



Skýringarmynd 2. Mörk skipulagssvæðis

### ALMENNT

Skipulagssvæðið (vestursvæði) er samtals um 85 ha. Þar af er iðnaðarsvæðið tæpir 7 ha.

Samkvæmt aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar er skipulagssvæðið innan skilgreinds þynningarsvæðis stóriðjunnar á Grundartanga. Innan þynningarsvæðisins er íbúðarbyggð ekki heimiluð og þar má ekki stunda hefðbundinn búskap, heynytjar eða beit á túnum.

### MARKMIÐ, INNTAK

Markmið með deiliskipulagi athafnasvæðis, athafna- og hafnarsvæðis og iðnaðarsvæðis á Grundartanga, vestursvæði, er að móta eins og unnt er hagkvæmt og aðlaðandi svæði sem þjónar eins vel og kostur er þeirri hafnsæknu starfsemi sem þar á að fara fram. Einnig er horft til þess að á svæðinu megi koma fyrir fjölbættri athafna- og iðnaðarstarfsemi, m. a. endur- og úrvinnslu efna sem til falla í verksmiðjum á nærliggjandi iðnaðarsvæði.

Til að milda ásýnd svæðisins frá þjóðvegi séð og innan þess, er gert ráð fyrir talsverðri skógrækt á jöðrum skipulagssvæðisins.

### AFMÖRKUN OG AÐKOMA

Skipulagssvæðið afmarkast af lóð Elkem Ísland til norð-austurs, opnu hafi/sjó (hafnarbakka) til austurs, landamerkjum Klafastaðalands og Galtalækjar til suðurs og

Grundartangi, Hvalfjarðarsveit.

Deiliskipulag athafnasvæðis, athafna- og hafnarsvæðis og iðnaðarsvæðis á Grundartanga, vestursvæði.

Breyting nóvember 2010



Grundartangavegi til vesturs. Hluti skipulagssvæðisins er á 10 ha fyllingu. Skjólbelti og gróðursvæði umlykja skipulagssvæðið til suðurs.

Aðkoma frá Þjóðvegi nr. 1 er um Grundartangaveg sem í deiliskipulagsbreytingunni 2008 færðist u. þ. b. 200 m til suðurs.

## UMFERÐ

Götum á skipulagssvæðinu er skipt í stofnvegi, tengivegi og aðrar götur.

Einn stofnvegur er á svæðinu, Grundartangavegur (1.900 m langur innan skipulagssvæðisins)

Samkvæmt 8. gr. vegalaga nr. 80 2007 kemur m.a. fram að heimilt sé að láta stofnveg ná til hafnar sem mikilvæg er fyrir flutninga.

Gangstéttar eru meðfram öllum götum á svæðinu.

Að öðru leyti vísast til deiliskipulagsuppráttar nr. 001, skýringaruppráttar nr. 004 og skýringarmyndar 4 um nánari landnotkun og vegakerfi.

## LANDSLAG OG JARÐVEGSDÝPI

Skipulagssvæðið er í hallandi landi frá 45 metrum yfir sjávarmál við Þjóðveg nr 1 niður að sjó.

VGK Hönnun framkvæmdi jarðgrunnsathugun við Klafastaði á Grundartanga sumarið 2007. Þar kemur fram, að jarðlög á svæðinu eru einsleit, en þykkt þeirra mismunandi. Almenn einkennist svæðið af því að efst er þykkt lag af fínu lífrænu efni á grónu svæði. Nokkur bleyta var í landinu. Síðar tók við grátt, oftast sendið jökulruðningslag. Þetta lag var víða nokkuð laust í sér m. a. vegna grófleika og bleytu. Þykkt þessa jökulruðnings var nokkuð einsleit og var yfirleitt mjög þunnt lag ofan á basalt- eða jökulbergsklöpp. Í fáeinum tilfellum var að finna sjávarmöl. Yfirborð basaltsins var kargakennt á nokkrum stöðum. Undir jökulberginu er væntanlega basalt að finna, en frekari rannsóknir (boranir) þarf til að finna þykkt jökulbergsins.

## SKÓGRÆKT, SKJÓLBELTI

Skipulagssvæðið er gróið land. Að beiðni Faxaflóahafnar hefur stjórn Skógræktarfélags Borgarfjarðar unnið skýrslu um skógrækt á svæðinu; "Skógar á Grundartanga, tillaga um nýtingu og drög að ræktunaráætlun", dagsett 1. nóvember 2005.

Í skýrslunni kemur m. a. fram, að síðustu tvo áratugina hefur verið ræktaður skógur á svæðinu. Árið 1990 hóf þáverandi eigandi Klafastaða, Guðmundur Sigvaldason, ræktun hans en árið 2004 tók Skógræktarfélag Borgarfjarðar að sér umsjón með ræktun og nýtingu skógar á jörðinni. Gerð er tillaga að nýjum svæðum til ræktunar, utan og innan skipulagssvæðisins, í fyrrnefndri skýrslu Skógræktarfélags Borgarfjarðar.

EKKI er mikil hefð fyrir skógrækt á athafnasvæðum hér á landi en hún getur fegrað og mildað umhverfið verulega, sé vel að verki staðið. Draga má mikið úr neikvæðum sjónrænum áhrifum athafnasvæðisins með skógrækt.

Deiliskipulagið gerir ráð fyrir skógrækt við suðurjaðar skipulagssvæðisins og austan Tangavegar.

## LANDFYLLING

Deiliskipulagið gerir ráð fyrir landfyllingu, hafnarbakka, skipaslippum og flotkví austan Klafastaðavegar.

Stærstur hluti efnis í landfyllinguna fæst af skipulagssvæðinu við landmótun, formun lóða og gatnagerð innan svæðisins. Einnig verður efni fengið úr nálægum efnisnámmum í sjó og á landi sem reknar eru með starfsleyfi viðkomandi sveitarfélags.

## FORNLEIFAR

Fornleifar hafa verið skráðar í fyrrum Skilmannahreppi. Fornleifastofnun Íslands annaðist þá skráningu árið 2003.<sup>1</sup>

Á svæðinu voru skráðar fornleifar, 21 að tölu. 19 þeirra eru innan fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis. Þar af eru þrjár fornleifar innan fyrra skipulagssvæðis og taldi Fornleifavernd ríkisins þær vera þess eðlis að skráning þeirra væri fullnægjandi mótvægisaðgerð.

Fornleifavernd ríkisins hefur kannað fornleifarnar innan skipulagssvæðisins. Þar er m. a. að finna tvo bæjarhóla, Klafastaðir (BO-093:001) og Klafastaðagrund (BO-094:001). Lagt er til að framkvæmdir á svæðinu raski ekki ofangreindum þremur fornleifum. Þær verði látnar ósnertar, en auk þess verði þær kynntar t.d. á upplýsingaskiltum á svæðinu.

Framkvæmdaefirlit vegna fornleifa verði viðhaft a. m. k. varðandi framkvæmdir á eftirtöldum lóðum:

Grundartangavegur 1

Mýrarholtsvegur 10

Klafastaðavegur 12

Mýrarholtsvegur 7 (þarf að rannsaka betur með uppgreftri áður en framkvæmdir hefjast).


Með framkvæmdaefirliti er átt við, að aðili með viðhlitandi menntun og reynslu, t.d. frá Fornleifavernd ríkisins, fylgist með jarðvegsframkvæmdum.

Aðrar fornleifar eru taldar þess eðlis að skráning þeirra sé fullnægjandi mótvægisaðgerð.

---

<sup>1</sup> Fornleifar í Skilmannahreppi, Adolf Friðriksson og Oddgeir Hansson, FS203-00033, Reykjavík 2003





Skýringarmynd 3. Staðsetning fornleifa,

Almennt mælir Fornleifavernd ríkisins með því að framkvæmdum sé beint frá minjastöðum eða þær felldar inn í skipulag. Reynist það ekki unnt þarf að sækja um leyfi til stofnunarinnar til að raska eða fjarlægja fornleifar sbr. 10 grein þjóðminjalaga nr. 107/2001, en þar segir: "Fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema með leyfi Fornleifaverndar ríkisins."

Tekið skal fram að aðalskráning fornleifa er aldrei mjög nákvæm. Það má því búast við að fleiri fornleifar finnast á skipulagssvæðinu meðan framkvæmdir standa yfir.

Ef fornleifar finnast á svæðinu við framkvæmdir skal gera Fornleifavernd ríkisins viðvart sem kannar umfang og ástand þeirra minja. Á grundvelli þeirra verður síðan lagt á það mat hvort ferkari aðgerða sé þörf sbr. 12. grein þjóðminjalaga.

## NÁTTÚRUVÁ

Svæðið er ekki talið hættusvæði að neinu leyti.

## 2.3 Landnotkun/ starfsemislýsing

### HAFNARSVÆÐI

Samkvæmt skipulagsreglugerð skal landnotkun á hafnarsvæðum fyrst og fremst tengjast hafnsækinni starfsemi, s. s. útgerð, fiskvinnslu og starfsemi tengdri sjóflutningum, skipasmíði eða viðgerðum. Almenn skal ekki gera ráð fyrir íbúðum á hafnarsvæðum og vegna þynningarsvæðis stóriðjunnar eru íbúðir alls ekki heimilar. Hafnarsvæði heyrir undir stjórn viðkomandi hafnarstjórnar.

### ATHAFNASVÆÐI

Samkvæmt skipulagsreglugerð skal á athafnasvæðum fyrst og fremst gera ráð fyrir atvinnustarfsemi þar sem lítil hættu er á mengun, s. s. léttum iðnaði, vörugeymslum, hreinlegum verkstæðum og umboðs- og heildverslunum. Almenn skal ekki gera ráð fyrir íbúðum á athafnasvæðum. Þó er unnt að gera ráð fyrir íbúðum tengdri starfsemi fyrirtækja, s. s. fyrir húsverði.

Á skipulagssvæðinu eru skilgreindar lóðir fyrir almenna hafnsækna starfsemi, svipaða þeirri sem byggst hefur upp í Sundahöfn í Reykjavík á undanförunum 30 árum. Til almennrar hafnsækinnar starfsemi flokkast t.d. vörugeymslur, lagerbyggingar, vinnuvéla-verkstæði, gámaverkstæði og ýmis konar þjónusta önnur sem viðeigandi er á stærri athafna- og hafnarsvæðum.

Sú starfsemi sem fyrirhugað er á athafna- og hafnarsvæðinu er ekki loftmengandi umfram það sem almennt getur talist með innflutningsfyrirtæki, þjónustu og framleiðslufyrirtæki.

### IÐNAÐARVÆÐI

Samkvæmt skipulagsreglugerð skal á iðnaðarsvæðum fyrst og fremst gera ráð fyrir umfangsmikilli iðnaðarstarfsemi eða starfsemi sem er talin geta haft mengun í för með sér, s. s. verksmiðjum, virkjunum, tengivirkjum, veitustöðvum, skolpdælu- og hreinsistöðvum, birgðarstöðvum fyrir olíur og móttökustöðvum fyrir úrgang. Íbúðir eru ekki heimilar á iðnaðarsvæðum.


Á iðnaðarsvæðinu á Grundartanga, vestursvæði er skilgreint tæplega 7 ha iðnaðarsvæði fyrir lítt mengandi iðnaðarstarfsemi svo sem ýmis konar endur- og úrvinnsla úr verksmiðjum á nærliggjandi iðnaðarsvæði.

Um uppbyggingu á svæðinu gilda strangir skilmálar sem m. a. varða eðli þeirrar starfsemi sem þar á heima, kröfur um mengunarvarnarbúnað, umhverfisstefnu Faxaflóahafna og meðferð lóðaumsókna sbr. kafla 3.2. (Sérákvæði) þar sem nánari grein er gerð fyrir ákvæðunum.

### STARFSEMISLÝSING

Faxaflóahafnir sf hafa sett fram eftirfarandi starfsemislýsingu á á því svæði sem skilgreint er sem athafnasvæði og blönduð landnotkun, athafnasvæði/hafnarsvæði sem segir nánar til um landnotkun:





Skýringarmynd 4. Landnotkun (starfsemislýsing) og vegakerfi

#### ATHAFNASVÆÐI HAFNAR (A)


Um er að ræða vinnusvæði hafnarinnar s.s. gámageymslusvæði o.fl. Þar er heimilt að setja niður tæki og búnað sem nauðsynleg eru á hafnarsvæðum að undangengnu byggingarleyfi ef slíks er krafist í byggingarreglugerð.

#### HAFNARBAKKASVÆÐI (B)

Skilgreint er hafnarbakkasvæði meðfram hafnarkantinum sem er athafnasvæði hafnarinnar. Svæðið er ætlað til losunar og lestunar skipa. Þar er ekki gert ráð fyrir varanlegum mannvirkjum öðrum en búnaði til losunar og lestunar skipa. Hafnarbakkasvæðið skal ávallt vera frítt, þ.e. er ekki geymslusvæði.

#### LÓÐIR FYRIR HAFNSÆKNA STARFSEMI (H)

Á lóðum fyrir hafnsækna starfsemi er gert ráð fyrir vörugeymslum, vöruhótelum og starfsemi sem tengist flutningum. Innan lóðanna má koma fyrir geymsluturnum (sílóum) og má hæð þeirra vera meiri en hámarkshæð bygginga á lóðunum.



Skýringarmynd 5. Kennisneiðing í lóð fyrir hafnsækna starfsemi

Flestar lóðir fyrir hafnsækna starfsemi eru mjög stórar þar sem gert er ráð fyrir byggingu á milli tveggja gatna. Vegna mikils landhalla er gert ráð fyrir vöruaðkoma að austanverðu og aðkomu að skrifstofu, móttöku o.fl. á efri hæð hússins úr vestri.

Austur af syðstu lóðinni neðan Klafastaðavegar (Klafastaðavegur 5) gerir deiliskipulagið ráð fyrir að unnt sé að koma fyrir upptökumannvirki fyrir skip svo sem flotkví og dráttarbrautum.



## 3 SKIPULAGS- OG BYGGINGARSKILMÁLAR

### 3.1 Almennir skilmálar

#### ALMENNT

Almennir skilmálar gilda um allar lóðir á skipulagssvæðinu, nema annað sé tekið fram í sérskilmálum einstakra lóða.

#### NÝTINGARHLUTFALL

Hámarksnýtingarhlutfall á lóðum er mismunandi eftir lóðaraðstæðum og tilgreint á deili-skipulagsupprætti.

Á flestum lóðum er hámarksnýtingarhlutfall N: 0,6 og á allmörgum lóðum N: 0,5.

Nýtingarhlutfall miðast við grunnflöt byggingar á lóð að viðbættu millilofti í 50% af grunn-fleti byggingar.

Innra skipulag lóða svo og stærðir húsa, athafna- og aðkomusvæða skal unnið í samráði við Faxaflóahafnir og skal afstöðumynd og/ eða lóðarmynd lögð inn til samþykktar hjá hafnarstjóra og til kynningar hjá skipulags- og byggingarnefnd Hvalfjarðarsveitar áður en lóðarhafi sækir um byggingarleyfi.

#### BÍLASTÆÐI

Almennt er miðað við skilgreiningar bílastæða samkvæmt skipulags og byggingarreglu-gerð. Á svæðum fyrir hafnsækna starfsemi skal gera ráð fyrir a.m.k. 1 bílastæði á hverja 50 m<sup>2</sup> húsnæði að undanskildum vörugeymslum eða sambærilegri starfsemi en þar er miðað við 1 bílastæði á hverja 150 m<sup>2</sup> húsnæðis.

Faxaflóahafnir/ Skipulags- og byggingarnefnd Hvalfjarðarsveitar áskilja sér rétt til þess að breyta bílastæðakröfum, ef fyrirhuguð starfsemi gefur tilefni til.

#### KVAÐIR UM SAMEIGINLEGA AÐKOMU AÐ LÓÐ

Kvöð um sameiginlega aðkomu/ innkeyrslu á lóð (gagnkvæman umferðarrétt) við lóða-mörk er á nokkrum lóðum sbr. deiliskipulagsupprátt. Kvaðirnar ná 15 m inn á lóðir hvors aðila og skulu lóðahafar hafa samráð um frágang og framkvæmdir.

#### KVAÐIR UM TENGIVIRKI FYRIR LÁGSPENNUBÚNAÐ OG SPENNISTÖÐVAR

Vegna óvissu um fjölda og staðsetningu tengivirkja fyrir lágspennubúnað og spennistöðvar á skipulagssvæðinu, eru kvaðir á öllum lóðum um aðstöðu fyrir slík mannvirki. Tengivirkin og spennistöðvarnar geta ýmist verið sjálfstæð mannvirki eða felld inn í byggingu á viðkomandi lóð.

Á mæliblöðum verður gerð grein fyrir endanlegri staðsetningu tengivirkja og spennustöðva, þ.e. á hvaða lóðum gera verði ráð fyrir aðstöðu fyrir umrædd mannvirki.

#### GIRÐINGAR

Gert er ráð fyrir að lóðarhafi megi girða lóð sín af. Girðingar eru háðar samþykki byggingaryfirvalda og skulu sýndar á aðaltekningu sbr. kafla 2.3 Aðaltekningar. Ennfremur skal lóðarhafi leita samþykkis byggingarfulltrúa á girðingum og hafa samráð við nágretta. Sé þörf á lokaðri girðingu skal lóðarhafi sækja um það sérstaklega til Faxaflóahafna og skipulags- og byggingarnefndar Hvalfjarðarsveitar.

## FRÁGANGUR LÓÐA

Frágangur lóða skal vera í samræmi við aðaluppdrætti. Lóðarhafar skulu hafa samráð um frágang á lóðamörkum. Lóðarhafi skal ljúka öllum framkvæmdum við byggingu á lóð sinni samkvæmt þeim tímaviðmiðunum sem gefnar er upp í úthlutunarskilmálum Faxaflóahafna. Öllum framkvæmdum við hús og á lóð þar með talið frágangur lóðar með bundnu slitlagi, gróðri og umhverfi, skal lokið innan fjögurra ára frá úthlutun lóðar.

## SORPGEYMSLUR

Aðgangur að sorpílátum skal vera auðveldur og greiður en þess jafnframt gætt að sorpílát verði ekki áberandi. Gera skal grein fyrir sorpílátum og hugsanlegum mannvirkjum þeirra vegna á aðaltekningu. Að öðru leyti er vísað er til 84. greinar byggingarreglugerðar.

## 3.2 Sérákvæði

### ALMENNT

Á deiliskipulagsuppdrætti kemur fram starfsemislýsing Faxaflóahafna (A, B, H) á athafna- og hafnarsvæði sbr. kafla 2.3 (Starfsemislýsing), hámarkshæð húss (HM í metrum), lóðarstærð (m<sup>2</sup>) og hámarksnýtingarhlutfall á lóð (N) sbr. kafla 3.3 (Mæli- og hæðarblöð).

### NÝ SKILMÁLAÁKVÆÐI UM UPPBYGGINGU Á IÐNAÐARSVÆÐINU

1. Á svæðinu er ekki heimilt að koma fyrir starfsemi sem hefur veruleg umhverfisáhrif í för með sér svo sem þungaiðnaði eins og álbræðslu, kísiljárnbræðslu og fl. þ. h. Horft er til lítt mengandi iðnaðarstarfsemi sem ekki er líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og sé því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.
2. Gerð er krafa um að tryggt sé að allur mengunarvarnarbúnaður ásamt loftræsikerfum sé af bestu gerð þannig að mengun af fyrirhugaðri starfsemi verði í lágmarki. Hugað skal sérstaklega að meðferð úrgangs, honum haldið í lágmarki og hann fluttur jöfnum höndum úr landi.
3. Í væntanlegri umhverfisstefnu Faxaflóahafna sf. verða sett ákvæði um söfnun upplýsinga um mengun frá starfsemi á svæðinu. Einnig verður fylgst með mengun og unnið að reglulegum mælingum.
4. Umsóknir um iðnaðarstarfsemi á svæðinu munu fara í eftirfarandi ferli: Faxaflóahafnir sf. og sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar munu yfirfara umsóknir í samræmi við ofangreinda skilmála. Gerðar verða kröfur til lóðaumsækjanda ef þurfa þykir um umsögn Umhverfisstofnunar þar sem fram kemur hversu mengandi umrædd starfsemi sé og hvort hún sé háð mati á umhverfishrifum.

## 3.3 Hönnun mannvirkja

### AÐALTEIKNINGAR

Aðaltekningar (byggingarnefndarteikningar) skulu vera í samræmi við deiliskipulag, hæðar- og mæliblöð svo og byggingarreglugerð og aðrar reglugerðir sem við eiga. Leggja skal inn til samþykktar byggingarnefndar heildaruppdrætti af öllum fyrirhuguðum mannvirkjum á viðkomandi lóð.

Á aðaltekningu skal rita efnis- og áferðarlýsingu þar sem viðkomandi mannvirkjum er lýst, s.s. burðarvirkjum, ytri frágangi, efnis- og litavali. Samræmi skal vera í ytri efnisáferð og yfirbragði mannvirkja á sömu lóð. Skjólveggi og girðingar skal sýna og skilgreina á aðal-



teikningu. Staðsetning sorpgeymslna og staðsetning sorpgáma skal sýnd á aðal-  
teikningum.

Á aðalteikningu skal gera grein fyrir lóðarhönnun, núverandi og fyrirhugaðri landhæð lóðar  
og helstu hæðarkótum. Lóðarhæðir á lóðarmörkum skulu sýndar á sniðum og útlits-  
myndum eftir því sem við á. Einnig skal skráningartafla vera á aðalteikningum þar sem  
stærðir eru tilgreindar. Ennfremur skal lóðarhafi leggja fram álagsforsendur pr. m<sup>2</sup> í húsi.

Að öðru leyti vísast til 18 gr. byggingarreglugerðar.

Lóðarhafi skal leggja fram eftirtaldar teikningar til samþykktar hjá Faxaflóahöfnum áður en  
þær eru lagðar inn til byggingarfulltrúa sveitarfélagsins:

Afstöðumynd húss á lóð.

Teikningu sem sýnir frágang lóðar og hæðarlegu.

Lagnateikningar ásamt tengingum við heimæðar.

Lóðarhöfum er skylt að hlíta eftirfarandi tímatakmörkunum við framkvæmdir:

- a) Aðaluppdrættir bygginga skulu hafa borist Faxaflóahöfnum og eða skipulags- og  
byggingarnefnd Hvalfjarðarsveitar til samþykktar eigi síðar en fimm mánuðum eftir  
að lóð varð byggingarhæf.
- b) Undirstöður og plata skulu steipt eigi síðar en tólf mánuðum eftir að lóð varð  
byggingarhæf.
- c) Hús skal fullgert að utan í samræmi við samþykktu aðal- og séruppdrætti, lóð gróf-  
jöfnuð í rétta hæð, rykbundin svo og gengið frá mörkum við aðrar lóðir, götur eða  
opin svæði innan þriggja ára frá því að lóð var byggingarhæf.
- d) Eigi síðar en fjórum árum eftir að lóð varð byggingarhæf skal lóðarhafi hafa gengið  
frá yfirborði lóðar og öllum frágangi við lóðarmörk í samræmi við samþykktu aðal-  
og séruppdrætti.

## **VINNU- OG SÉRTEIKNINGAR**

Sérteikningum skal skila með undirskrift aðalhönnuðar (samræmingarhönnuðar) til  
byggingarfulltrúa til áritunar sbr. byggingarreglugerð.

## **MÆLI- OG HÆÐARBLÖÐ**

Mæliblöð sýna lagnir, lóðastærðir, lóðamörk, byggingarreiti húsa og kvaðir.

Byggingarreitir eru sýndir á mæliblöðum og skulu byggingar standa innan þeirra. Sjá  
nánari lýsingar einstakra húsgerða í sérákvæðum og skilmálamyndum.

Hæðarblöð sýna hæðir við lóðamörk (G). Hæðartölur (H) eru leiðbeinandi fyrir aðalhæð. Í  
vissum tilvikum geta þær verið bindandi vegna frárennislagna. Mesta hæð á þaki (H.M.)  
er gefin upp í þessum skilmálum. Á hæðarblöðum eru sýndar hæðir á lóðamörkum fjær  
götu (L). Þar er einnig sýnd lega vatns- og frárennislagna og inntakshliðar fyrir rafmagn  
og heitt vatn.



## 4 UMHVERFISMAT SKIPULAGSÁÆTLUNAR

### 4.1 Umhverfisskýrsla

#### INNGANGUR

Ákvæði laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 gilda um umhverfismat þeirra skipulags- og framkvæmdaáætlana og breytingar á þeim, sem marka stefnu um leyfisveitingar til framkvæmda sem tilgreindar eru í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Í 9. grein skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 er kveðið á um, að í skipulagsáætlunum skuli gera grein fyrir áhrifum áætlunarinnar, einstakra markmiða hennar og ráðgerðra framkvæmda á umhverfi, náttúruauðlindir og samfélag, m.a. með samanburði þeirra kosta sem til greina koma.

Breyting á deiliskipulagi vestursvæðisins á Grundartanga, sem samþykkt var 2009 leiddi af sér tvær framkvæmdir sem tilgreindar eru í viðaukum laga um mat á umhverfisáhrifum og féll áætlunin því undir ákvæði laga um umhverfismat áætlana. Þær framkvæmdir sem tilgreindar eru í viðaukum laga um mat á umhverfisáhrifum eru:

Hafnir sem skip stærri en 1.350 tonn geta siglt um (liður 11 í viðauka 1)

Landfyllingar þar sem áætluð uppfylling er 5 ha eða stærri (liður 10 i) í viðauka 2)

Með umhverfismati áætlana er leitast við að greina líklegar umhverfisbreytingar af völdum skipulagsáætlunarinnar í ljósi þeirra upplýsinga sem liggja fyrir um núverandi ástand og meta vægi og varanleika þessara breytinga.

Umvhverfisskýrsla var hluti þeirrar deiliskipulagsbreytingar sem samþykkt var 2009. Sú deiliskipulagsbreyting sem hér um ræðir gefur ekki tilefni til þess að endurskoða þá umhverfisskýrslu.

#### MEGININTAK DEILISKIPULAGSBREYTINGAR Í NÓVEMBER 2010

- Landnotkun á skipulagssvæðinu suð-vestan Tangavegar á milli Grundartangavegar og sjávar allt að Sjónarholtsvegi er skilgreint sem athafnasvæði og blönduð landnotkun, athafna- og hafnarsvæði.
- Landnotkun á tæpum 7 ha austast á umræddu skipulagssvæði vestan Tangavegar á milli Klafastaðavegar og Mýrarholtsvegur er þó áfram skilgreint sem iðnaðarsvæði. Á því svæði eru lóðirnar Mýrarholtsvegur nr. 1-3 og 5, Tangavegur nr. 1, 3, 5 og 7 svo og Klafastaðavegur nr. 2, 4 og 6.
- Lóðin Klafastaðavegur nr. 4 (3.469 m<sup>2</sup>) stækkar og verður 4.645 m<sup>2</sup>. Hámarkshæð bygginga verður 15,5 m í stað 14.0 m. Byggingarreitur breytist.
- Lóðirnar Tangavegur nr. 7 (6.400 m<sup>2</sup>) og nr. 9 (4040 m<sup>2</sup>) sameinast í Tangaveg nr. 7 og verður 10.440 m<sup>2</sup>. Byggingarreitur breytist.
- Lóðin Mýrarholtsvegur nr. 5 (7.204 m<sup>2</sup>) minnkar og verður 4.395 m<sup>2</sup>. Mýrarholtsvegur nr. 3 stækkar og verður 6.822 m<sup>2</sup>. Byggingarreitur breytast.
- Nánari landnotkunarákvæði samkvæmt skilgreiningum Faxaflóahafna (A, B, H og Þ) breytast þannig að lóðirnar austast á skipulagssvæðinu, næst Tangavegi sem í gildandi deiliskipulagi eru merktar sem þjónustusvæði (Þ) verða merktar sem hafnsækin starfsemi (H).

## FJÖLDI LÓÐA OG LÓÐASTÆRÐIR:

### Fyrir breytingu

Á skipulagssvæðinu var gert ráð fyrir 49 lóðum sem skiptast eftirfarandi:

26 lóðir fyrir hafnsækna starfsemi.  
Lóðastærðir á bilinu 4.500 m<sup>2</sup> til 22.081 m<sup>2</sup>.

23 lóðir fyrir þjónustustarfsemi.

Lóðastærðir eru á bilinu 2.552 m<sup>2</sup> til 31.540 m<sup>2</sup>.

### Eftir breytingu

Á skipulagssvæðinu er gert ráð fyrir 46 lóðum sem allar eru ætlaðar fyrir hafnsækna starfsemi. Lóðastærðir eru á bilinu 1.978 m<sup>2</sup> til 31.540 m<sup>2</sup>.

9 lóðir fyrir iðnaðarstarfsemi, þ. á. m. lítt mengandi iðnaðarstarfsemi svo sem ýmis konar endur- og úrvinnsla úr verksmiðjum á nærliggjandi iðnaðarsvæði.

Lóðastærðir eru á bilinu 2.119 m<sup>2</sup> til 10.440 m<sup>2</sup>.

## NÝ SKILMÁLAÁKVÆÐI FYRIR IÐNAÐARSVÆÐIÐ

Um uppbyggingu á iðnaðarlóðunum gilda strangir skilmálar sem m. a. varða eðli þeirrar starfsemi sem þar á heima, kröfur um mengunarvarnarbúnað, umhverfisstefnu Faxaflóahafna og meðferð lóðaumsókna sbr. kafla 1. 1. (Ný skilmálaákvæði). Nánar er gerð grein fyrir ákvæðunum í kafla 3. 2.


## **NIÐURSTAÐA**

Í Aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar, breyting 18. nóvember 2010, kemur fram að á iðnaðarsvæðinu sé m. a. áformað að reisa verksmiðju til endurvinnslu á álgjalli og brotaáli.

Sú deiliskipulagsáætlun sem hér um ræðir felur því í sér framkvæmd sem kann að vera háð mati á umhverfisáhrifum sbr. lið 4 d í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m. s. b. og er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. sömu laga. Áætlunin fellur því undir lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.



## EFNI OG HELSTU STEFNUMIÐ ÁÆTLUNAR, TENGLI VIÐ AÐRA ÁÆTLANAGERÐ



Skýringarmynd 6

Hluti úr aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar 2008-2020. Breyting nóvember 2010

Samkvæmt aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar 2008-2020, breyting í nóvember 2010 er skipulagssvæðið innan skilgreinds þynningarsvæðis stóriðjunnar á Grundartanga.

Áætlunin tekur m. a. til lóðar fyrir endurvinnslu á álgjalli og álbrotum sem staðsett er á iðnaðarsvæði sem er í samræmi við staðfest aðalskipulag.

Markmið með deiliskipulaginu er að móta eins og unnt er hagkvæmt og aðlaðandi svæði sem þjónar eins vel og kostur er þeirri hafnsæknu starfsemi sem þar á að fara fram. Horft er til þess að á svæðinu megi koma fyrir fjölþættri athafna- og iðnaðarstarfsemi, m. a. endur- og úrvinnslu efna sem til falla í verksmiðjum á nærliggjandi iðnaðarsvæði.

Um uppbyggingu á iðnaðarlóðunum gilda strangir skilmálar sem m. a. varða eðli þeirrar starfsemi sem þar á heima, kröfur um mengunarbúnað, umhverfisstefnu Faxaflóahafna og meðferð lóðaumsókna. Nánar er gerð grein fyrir ákvæðunum í kafla 3. 2, „Ný skilmálaákvæði“.

Til að milda ásýnd svæðisins frá þjóðvegi séð og innan þess, er gert ráð fyrir talsverðri skógrækt í jöðrum skipulagssvæðisins.

Fjórða maí 2010 tilkynnti VSÓ Ráðgjöf áform um endurvinnslu á álgjalli á Grundartanga, vestursvæði, Hvalfjarðarsveit til Skipulagsstofnunar samkv. 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m. s. b. og lið 4 d í öðrum viðauka laganna.

Niðurstaða Skipulagsstofnunar, 24. júní 2010 var að framkvæmdin væri ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar 2008-2020, breyting í nóvember 2010 er fyrirhuguð lóð fyrir umrædda starfsemi á iðnaðarsvæði, á lóð nr. 4 við Klafastaðaveg.

Í tilkynningu VSÓ Ráðgjafar kemur fram að í verksmiðjunni fari fram endurvinnsla á álgjalli og brotaáli sem fellur til hérlendis. Flutningar á brotaáli að verksmiðjunni munu fara fram



með flutningabílum og flutningur á framleiddu áli verði með bílum til álvera hér á landi og skipum til erlendra kaupenda.

Áætlað er að allt að 15.000 tonn verði endurunnin á ári.

Framleiðsluferillinn verður algjörlega lokaður og endurvinnna á öll efni sem til falla í ferlinu.

Fyrirhugað er að reisa 12-14 m há 2.000-2.500 m<sup>2</sup> hús fyrir starfsemina.

Ef umbúðir drykkjarvöru verða notaðar í endurvinnsluferlinu kallar það á sérstakan hreinsibúnað til þess að hreinsa lífrænar gufur sem myndast við niðurbrot húðunarefna.


Orkan sem notuð verður við framleiðsluna verður í formi olíu eða gass. Reikna má með að 33 kg af olíu þurfi fyrir hvert tonn af álgjalli eða 8.500 lítrar á viku miðað við 15 þús tonna ársframleiðslu. Samsvarandi tölur fyrir gas gætu orðið 33 m<sup>3</sup> af gasi fyrir hvert tonn af álgjalli eða að hámarki 9.500 m<sup>3</sup> af gasi á viku. Brennsluofninn verður vatnskældur, með lokaðri hringrás.

Úrgangur sem fellur til í vinnsluferlinu er einkum þrenns konar, gjallsandur, afsogsryk og afgang. Gjallsandur verður fluttur út til endurvinnslu. Afsogsryk verður sent til erlendra endurvinnsluaðila.

Verksmiðjan verður innan þynningarsvæðis stóriðju á Grundartanga sem skilgreint er fyrir fyrir losun brennisteinstvíoxíðs og flúoríðs. Losun þessara efna frá verksmiðjunni mun valda óverulegri aukningu þessara efna innan þynningarsvæðisins. Úrgangur sem fellur til vegna viðhalds búnaðar s. s. fóðringar verða sendar úr landi til endurvinnslu.

Hávær búnaður verður skermaður af í sérstöku rými innanhúss og því eigi hljóðvist utanhúss að vera innan viðmiðana um hávaða á athafnasvæði sbr. reglugerð nr 724/2008 um hávaða.

Eins og fram hefur komið hefur endurvinnslu álgjalls og álbrota verið valinn staður á lóðinni Klafastaðavegur nr. 4. Samkvæmt deiliskipulagsáætluninni stækkar lóðin úr 3.469 m<sup>2</sup> í 4.645 m<sup>2</sup>. Hámarkshæð bygginga verður 15,5 m í stað 14.0 m. Byggingarreitur breytist.



Skýringarmynd 7. Skipulagssvæðið og staðsetning lóðar fyrir endurvinnslu álgjalls og álbroti.

## UMHVERFISADSTÆÐUR

Skipulagssvæðið afmarkast af lóð Elkem Ísland til norð-austurs, opnu hafi/sjó (hafnarbakka) til austurs, landamerkjum Klafastaðalands og Galtalækjar til suðurs og Grundartangavegi til vesturs.

Iðnaðarsvæðið sem er um 7 ha að stærð afmarkast af Tangavegi til norð-austurs, athafnasvæði til suð-vesturs, Klafastaðavegi til suð-austurs og Mýrarholtsvegi til norð-vesturs. Uppbygging á iðnaðarsvæðinu er varla hafin, en neðan Klafastaðavegar er starfsemi Líflands.

Lóð endurvinnslu álgjalls og álbroti er á skilgreindu iðnaðarsvæði sem samræmist stefnu Aðalskipulags Hvalfjarðarsveitar, breyting í nóvember 2010.

Samkvæmt deiliskipulaginu er á svæðinu gert ráð fyrir hafnsækinni starfsemi á iðnaðarsvæðinu þar sem góð skilyrði eru fyrir innflutningi hráefnis og útflutningi iðnaðarafurða.


Norð-austur af skipulagssvæðinu er starfsemi Elkem Ísland og suð-austan Klafastaðavegar er starfsemi Líflands.

Aðkoma að skipulagssvæðinu er frá Þjóðvegi nr. 1 er um Grundartangaveg sem í deiliskipulagsbreytingunni 2008 færðist u. þ. b. 200 m til suðurs af umferðaröryggisástæðum.

Götum á skipulagssvæðinu er skipt í stofnvegi, tengivegi og aðrar götur.

Einn stofnvegur er á svæðinu, Grundartangavegur (1.900 m langur innan skipulagssvæðisins).





Skýringarmynd 8. Landnotkun (starfsemislýsing) og vegakerfi

## UMHVERFISÞÆTTIR

Eftirtaldir umhverfisþættir koma til skoðunar við mat á umhverfisáhrifum áætlunarinnar:

- **Andrúmsloft**
  - Loftgæði
  - Svifryk
- **Heilsa og öryggi**
  - Óþægindi
  - Hávaði, lykt, ryk
  - Samfélagsöryggi
  - Umferðaröryggi, slyshætta
- **Hagræni og félagslegir þættir**
  - Efnahagur og atvinnulíf
  - Fjöldi starfa
  - Félagslegt umhverfi
  - Samgöngur, vegakerfi
  - Byggð og efnisleg verðmæti
  - Atvinnuhúsnæði
- **Náttúru- og menningarminjar**
  - Friðlýstar fornminjar
  - Aðrar fornleifar
- **Landslag**
  - Náttúrulegt landslag



## UMHVERFISVANDAMÁL, SÉRSTAKT NÁTTÚRUVERNÐARGILDI

Ekki er um að ræða sérstök umhverfisvandamál á skipulagssvæðinu. Skilgreint iðnaðarsvæði er ekki talið hafa sérstakt náttúruverndargildi.

Við er til greinargerðar með deiliskipulagstillögunni um fornleifar.

Skipulagsáætlunin gerir ráð fyrir bættu vegakerfi á innan Grundartangasvæðisins, þ. á. m. aðkomu og tengingu vegakerfis svæðisins við Þjóðveg nr. 1.

## NÁTTÚRUVERNÐARMARKMIÐ STJÓRNVALDA, ÖNNUR UMHVERFISSJÓNARMÍÐ

Í lögum nr. 44/1999 um náttúruvernd er sett fram það markmið að stuðla að samskiptum manns og umhverfis þannig að hvorki spillist líf eða land né mengist sjór, vatn eða andrúmsloft.

Lögin eiga að tryggja eftir föngum þróun íslenskrar náttúru eftir eigin lögmálum, en verndun þess sem þar er sérstætt eða sögulegt. Þau eiga að auðvelda umgengni og kynni þjóðarinnar af náttúru landsins og menningarminjum og stuðla að vernd og nýtingu auðlinda á grundvelli sjálfbærrar þróunar.

## ÁHRIFAMAT, SKIPULAGSKOSTIR

Framkvæmdaaðili hefur sótt um tiltekna lóð fyrir umrædda starfsemi á skilgreindu iðnaðarsvæði á Grundartanga. Um er að ræða hafnsækna iðnaðarstarfsemi sem fellur vel að skilgreindri landnotkun. Ekki er um að ræða aðra raunhæfa valkosti um staðsetningu starfseminnar á svæðinu.

Samkvæmt álitni Umhverfisstofnunar sem gefið var út í tengslum við ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu munu umhverfisáhrif mengunarefna frá endurvinnslu á álgjalli og álbrotum á andrúmsloft, loftgæði, svifryk verða lítil í samanburði við aðra sambærilega losun mengunarefna á svæðinu og samlegð með mengun frá iðjuverum sem fyrir eru á iðnaðarsvæðinu eru ólíkleg til að vera umtalsverð.

Samkvæmt álitni Umhverfisstofnunar er framkvæmd áætlunarinnar ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð áhrif á heilsu og öryggi þar sem framleiðsluferlið er algjörlega lokað og öll efni sem til falla í ferlinu verða endurunnin. Úrgangur sem til fellur í vinnsluferlinu verður einkum gjallsandur sem fluttur verður út til endurvinnslu.

Umhverfisáhrifin verða óveruleg af því gefnu að hugað verði að mótvægisáðgerðum sem einkum felast í því að sett verði skilyrði um magn af gjallsandi sem safna má á svæðinu og frágangur sem koma megir í veg fyrir að vatn komist í sandinn áður en hann verður fluttur burt til endurvinnslu.

Tilkynna skal til Skipulagsstofnunar um breytingar á starfseminni sbr. 2. viðauka, 13 a, ef fyrirhugað er að endurvinnna brotaál/drykkjarvöruumbúðir (áldóssir húðaðar með epoxyefnum og prentlitum sem mynda lífrænar gufur við niðurbrot húðunarefna) í ferlinu.

Framkvæmd áætlunarinnar er ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð óþægindi sökum hávaða þar sem hávær búnaður er skermaður af í sérstöku rými innanhúss og því tæknilega hægt að tryggja að hljóðvist utan húss verði innan viðmiðana um hávaða á iðnaðarsvæði sbr. reglugerð um hávaða nr. 724/2008.

Fornleifavernd ríkisins, Heilbrigðiseftirlit Vesturlands og Umhverfisstofnun telja ekki líklegt að framkvæmdin muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif.

Samfélagsöryggi svo sem umferðaröryggi og slyshætta er ekki umtalsverð m. a. vegna þess að sú deiliskipulagsáætlun sem samþykkt var 2008 skilgreinir breytta aðkomu og innra gatnakerfi á svæðinu.

Áætlunin er líkleg til að hafa jákvæð áhrif á hagræna og félagslega þætti, efla efnahag og atvinnulíf og stuðla að fjölgun starfa í sveitarfélaginu. Einnig er hún líkleg til að hafa



jákvæð áhrif á byggð og efnisleg verðmæti þar sem hún leiðir af sér byggingu atvinnuhúsnæðis á umræddu svæði.

Áætlunin um staðsetningu endurvinnslu á álgjalli og brotaáli á tiltekinni lóð á iðnaðarsvæði á Grundartanga hefur óveruleg áhrif á náttúru- og menningarminjar, friðlýstar fornminjar eða aðrar fornleifar sbr. greinargerð með deiliskipulagsáætluninni.

Deiliskipulagsáætlunin gengur ekki gegn markmiðum laga um náttúruvernd og hefur hvorki í för með sér að líf eða land spillist né sjór, vatn eða andrúmsloft mengist umtalsvert.

Áhrif áætlunarinnar á landslag er ekki teljandi þar sem um er að ræða deiliskipulagt iðnaðarsvæði sem hvort sem er verður mikið raskað vegna frágangs lóða, vegagerðar og lagna.

Umhverfisáhrif vegna endurvinnslu álgjalls á Grundartanga getur ekki talist umtalsverð í skilningi laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

### **VALKOSTIR, MATSADFERÐ**

Deiliskipulagsáætlunin felur í sér endurvinnslu á álgjalli og brotaáli á tiltekinni lóð á iðnaðarsvæðinu á Grundartanga. Staðsetning er í næsta nágrenni við álver Norðuráls og á skipulögðu svæði fyrir hafnsækna iðnaðarstarfsemi. Frá Norðuráli kemur hluti hráefnis verksmiðjunnar og þangað ratar hluti afurða hennar. Nánd við stórskipahöfn hefur augljósa kosti þar sem afurðir verksmiðjunnar verða væntanlega fluttur úr landi að einhverju marki.

Sá hluti áætlunarinnar sem tekur til stærðar lóðarinnar sem valin var, og tengsla hennar við innra gatnakerfi er talinn henta umræddri verksmiðju. Samkvæmt áætluninni verða byggingar innan skilgreinds byggingarreits og í fullu samræmi við sérákvæði skipulags- og byggingarskilmála um hámarkshæð bygginga.

Að umhverfismati deiliskipulagsáætlunarinnar komu skipulags- og byggingarnefnd Hvalfjarðarsveitar, skipulagsfulltrúi Faxaflóahafna og skipulagsráðgjafi.

### **VÖKTUN OG MÓTVÆGISADGERÐIR**

Eins og fram hefur komið er ekki líklegt að áætlunin hafi í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif.

Mikilvægt er þó, að viðhafðar verði nauðsynlegar mótvægisáðgerðir og vöktun á aðgerðum og áhrifum þannig að áætlunin leiði alls ekki af sér veruleg og óafturkræf áhrif á umhverfið. Gerð er sú krafa að verksmiðjan (fyrirhuguð endurvinnsla á álgjalli) taki fullan þátt í samstarfi á svæðinu um vöktun og tilheyrandi upplýsingakyldu til eftirlitsaðila.

Vöktun verði einkum fólgin í mælingu á ryki og virkni síuvirkisins með viðeigandi mælíbúnaði í samræmi við kröfur í starfsleyfi sem væntanlega verði unnið í samráði við fulltrúa Hvalfjarðarsveitar.

Fylgst verði með því að ekki safnist fyrir of mikið magn af föstum úrgangi á svæðinu og ekki komist vatn í sandinn áður en hann er fluttur út til endurvinnslu.

Fylgst verði með hljóðburði frá háværum búnaði sem skermaður verður af í sérstöku rými innanhúss og þess gætt að hljóðvist verði innan viðmiðana um hávaða á iðnaðarsvæði sbr. reglugerð nr 724/2008 um hávaða

### **SAMANTEKT**

Skipulagssvæðið er innan skilgreinds þynningarsvæðis stóriðjunnar á Grundartanga sem skilgreint er fyrir losun brennisteinstvíoxíðs og flúoríðs.

Tilkynnt voru áform um endurvinnslu á álgjalli og brotaáli á Grundartanga, vestursvæði, Hvalfjarðarsveit til Skipulagsstofnunar samkv. 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m. s. b. og lið 4 d í öðrum viðauka laganna.

Niðurstaða Skipulagsstofnunar, 24. júní 2010 var að framkvæmdin væri ekki líkleg að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Áætlað er að allt að 15.000 tonn verði endurunnin á ári.

Framleiðsluferillinn verður algjörlega lokaður og endurvinnna á öll efni sem til falla í ferlinu.

Fyrirhugað er að reisa 12-14 m há 2.000-2.500 m<sup>2</sup> hús fyrir starfsemina.

Úrgangur sem fellur til í vinnsluferlinu er einkum þrenns konar, gjallsandur, afsogsryk og afgangur.

Lóð endurvinnslu álgjalls og álbrota er á skilgreindu iðnaðarsvæði sem samræmist stefnu Aðalskipulags Hvalfjarðarsveitar, breyting í nóvember 2010.

Ekki er um að ræða sérstök umhverfisvandamál á skipulagssvæðinu.

Um er að ræða hafnsækna iðnaðarstarfsemi sem fellur vel að skilgreindri landnotkun þar sem eru góð skilyrði eru fyrir innflutningi hráefnis og útflutningi iðnaðarafurða.

Ekki er um að ræða aðra raunhæfa valkosti um staðsetningu starfseminnar á svæðinu.

Umhverfisáhrif mengunarefna frá endurvinnslu á álgjalli og brotaáli á andrúmsloft, loftgæði, svifryk verða lítil í samanburði við aðra sambærilega losun mengunarefna á svæðinu og samlegð með mengun frá iðjuverum sem fyrir eru á iðnaðarsvæðinu eru ólíkleg til að vera umtalsverð.

Framkvæmd áætlunarinnar er ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð áhrif á heilsu og öryggi þar sem framleiðsluferlið er algjörlega lokað og öll efni sem til falla í ferlinu verða endurunnin.

Framkvæmd áætlunarinnar er ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð óþægindi sökum hávaða.

Fornleifavernd ríkisins, Heilbrigðiseftirlit Vesturlands og Umhverfisstofnun telja ekki líklegt að framkvæmdin muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif.

Áætlunin er líkleg til að hafa jákvæð áhrif á hagræna og félagslega þætti svo og á byggð og efnisleg verðmæti þar sem hún leiðir af sér byggingu atvinnuhúsnæðis.

Áætlunin hefur óveruleg áhrif á náttúru- og menningarminjar, friðlýstar fornminjar eða aðrar fornleifar.

Deiliskipulagsáætlunin gengur ekki gegn markmiðum laga um náttúruvernd og hefur hvorki í för með sér að líf eða land spillist né sjór, vatn eða andrúmsloft mengist umtalsvert.

Áhrif áætlunarinnar á landslag er ekki teljandi þar sem um er að ræða deiliskipulagt iðnaðarsvæði.

Umhverfisáhrif vegna endurvinnslu á álgjalli og brotaáli á Grundartanga getur ekki talist umtalsverð í skilningi laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.



## 5 KYNNING, SAMÞYKKT OG GILDISTAKA

### 5.1 Athugasemdir, umsagnir

Kynningarfundur var auglýstur 23. janúar 2011. Fundurinn fór fram 27. janúar 2011.

Á kynningarfundinum voru ekki gerðar athugasemdir við deiliskipulagstillöguna sbr. meðfylgjandi minnisblað.

Deiliskipulagstillagan var auglýst almenningi til sýnis 18. maí 2011 og athugasemdafrestur var til 30. júní 2011. Þrjár athugasemdir bárust innan athugasemdafrests sbr. meðfylgjandi bréf.

### 5.2 Afgreiðsla, breytingar á skipulagsgögnum

Deiliskipulagstillagan var samþykkt í sveitarstjórn með einni breytingu sem varðaði kaflann um vöktun og mótvægisáðgerðir sbr. meðfylgjandi fundargerð sveitarstjórnar 12. júlí 2011.

### 5.3 Samþykkt og gildistaka

Deiliskipulagsbreytingin var auglýst almenningi til sýnis þann 18. maí 2011.

Athugasemdafrestur var til 30. júní 2011.

Deiliskipulagsbreyting þessi sem auglýst var skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar þann 12. júlí 2011.



Deiliskipulagið öðlaðist gildi við auglýsingu um samþykkt þess í

B-deild Stjórnartíðinda 25.10.2011







